



Vestfjarðastofa

2025

Ársskýrsla





Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
Framkvæmdastjóri
Vestfjarðastofu

Ávarp framkvæmdastjóra - Ár gullkistunnar og framtíðarsýnar

Árinu 2025 gæti verið lýst sem ári stórra tækifæra, samstöðu og metnaðarfullrar framtíðarsýnar. Ef einn viðburður dregur saman kjarna starfseminnar á árinu, þá er það stórsýningin Gullkistan Vestfirðir sem haldin var í september. Þar mættu yfir 80 sýnendur – allt frá einyrkjum til stórfyrirtækja – og sýndu þann ótrúlega kraft sem býr í vestfirsku atvinnu- og menningarlífi. Gleðin og eldmóðurinn sem einkenndi viðburðinn var staðfesting á því að Vestfirðir eru svo sannarlega gullkista sem við verðum að halda áfram að opna og efla.

Í raun má segja að kjarni starfsemi Vestfjarðastofu felist í að horfa til framtíðar. Á árinu höfum við unnið hörðum höndum að Svæðisskipulagi Vestfjarða, sem er eitt stærsta og metnaðarfullsta verkefni Vestfjarðastofu, Fjórðungssambands Vestfirðinga og sveitarfélaga á Vestfjörðum til þessa. Í svæðisskipulaginu er horft allt til ársins 2050 með það að markmiði að greina hvaða drifkraftar muni stuðla að íbúafjölgun og hvernig við tryggjum að Vestfirðir svari kröfum komandi kynslóða um menntun, heilbrigðisþjónustu og tækniþekkingu.

Umhverfismál og orkuskipti skipuðu stóran sess á árinu. Vestfjarðastofa tekur þátt í hinu evrópska RECET-verkefni, sem miðar að því að efla getu sveitarfélaga til að smíða loftslags- og orkuskiptaáætlanir. Sérstök áhersla var lögð á orkuskipti smábátaflotans með vefþingi í apríl, enda liggja mikil tækifæri í rafvæðingu strandveiðibáta. Þá var það mikið fagnaðarefni að sjö styrkir úr Loftslags- og orkusjóði runnu til Vestfjarða, þar af sex til Orkubús Vestfjarða vegna jarðhitaleitar og varmadæla á Patreksfirði, Ísafirði, Bolungarvík og Suðureyri.

Við höfum lagt ríka áherslu á að skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið. Magnús Þór, verkefnastjóri nýsköpunar, hefur kynnt möguleika Vestfjarða til þörunaræktar, en í slíkri ræktun eru gríðarleg vaxtartækifæri þar sem náttúruleg skilyrði á svæðinu eru einstök. Samstarf landshlutasamtaka sveitarfélaga um viðskiptahraðalinn Startup Landið hófst í september og tóku tvö vestfirsk teymi þátt í ár: Brekka Ferðaþjónusta á Þingeyri og Cannarctica á Flateyri.

Fjárfestingar á svæðinu eru umtalsverðar, hvort sem litið er til fiskeldis, innviðauppyggingar Orkubúsins eða hátækni hjá Kerecis. Til að styðja við þennan vöxt tókum við þátt í skipulagningu með Bláma og Hvetjanda á fjárfestaheimsókn í september þar sem 30 fjárfestar kynntust uppganginum á Vestfjörðum af eigin raun.

Á árinu hófst fimm ára samstarf um Brothættar byggðir í Reykhólahreppi (2025–2029) og Kaldrananeshreppur varð á árinu sextánda þátttökubyggðarlagið í því verkefni. Jafnframt lukum við formlegu samstarfi við Byggðastofnun og Strandabyggð um verkefnið Sterkar Strandir, þar sem 73 styrkir höfðu verið veittir til frumkvöðla á fimm árum og fjölmörg verkefni höfðu dafnað.

Menningin blómstraði einnig, meðal annars með barnamenningarhátíðinni Púkanum sem haldin var í þriðja sinn um alla Vestfirði og formlegri opnun Baskaseturs Íslands í Djúpvík. Við höfum einnig sett aukinn kraft í málefni ungs fólks með öflugum ungmennahópi í Breiðavík, þar sem 55 ungmenni ræddu jafnrétti og framtíð svæðisins.

Ekkert af þessu væri mögulegt án okkar öflugra starfsfólks. Á árinu kvöddum við Þórkötlunni Soffíu Ólafsdóttur með þökkum, en buðum Emblu Dögg, Ernu Leu og Valgeir velkomin í hópinn. Með viðveru ráðgjafa í Blábankanum á Þingeyri og vinnu við nýja menningarstefnu höldum við áfram að færa þjónustu okkar nær íbúunum.

Vestfirðir eru í vexti. Við erum að byggja upp samfélag sem byggir á þekkingu, sjálfbærni og samstöðu. Ég hlakka til áframhaldandi samstarfs við ykkur öll á komandi árum.



Vestfjarðastofa

Vestfjarðastofa ses. var stofnuð 1. desember 2017. Tilgangur Vestfjarðastofu er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðapróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ná með öflugu samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis hins opinbera.

Stjórnarfundir og ársfundur

Ársfundur Vestfjarðastofu 2025 var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu í Súðavík á Ísafirði miðvikudaginn 14. maí 2025. Í kjölfar ársfundar var haldið málþing undir yfirskriftinni „Frumkvæði og fjárfestingar á Vestfjörðum“.


Stjórn Vestfjarðastofu hélt tíu stjórnarfundum á árinu 2025. Fundargerðir allra funda má finna á heimasíðunni www.vestfirdir.is og einnig fundargerðir ársfunda auk fundargerða nefnda. Upplýsingar um fjármál og rekstur Vestfjarðastofu má einnig finna á heimasíðunni.

Upplýsingamiðlun

Í byrjun ársins 2021 hóf Vestfjarðastofa útgáfu mánaðarlegs fréttabréfs þar sem helstu viðfangsefni og fréttir mánaðarins eru dregnar saman á einn stað. Fréttum og upplýsingum hefur jafnframt verið miðlað á vefnum www.vestfirdir.is á árinu 2025. Vestfjarðastofa er einnig með Facebooksíðu og er þar miðlað fréttum og upplýsingum tengdri starfseminni.

Skipurit Vestfjarðastofu

Í kjölfar breytinga á samþykktum Vestfjarðastofu í mars 2022 var ráðist í breytingar á skipuriti sem kynnt var stjórn Vestfjarðastofu á fundi 5. desember 2022 og samþykkt á stjórnarfundum þann 18. janúar 2023.



Stjórn Vestfjarðastofu

Af vettvangi sveitarstjórnarmála:

Gylfi Ólafsson
Dagný Finnbjörnsdóttir
Hildur Aradóttir
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir
Magnús Ingi Jónsson

Ísafjarðarbæ - formaður
Ísafjarðarbæ
Kaldrananeshreppi
Vesturbyggð
Bolungarvíkurkaupstað

Frá atvinnulífi og menningu:

Anna Björg Þórarinsdóttir
Gauti Geirsson
Guðmundur Fertram Sigurjónsson
Sif Huld Albertsdóttir

Galdrasýningin á Ströndum
Háafell
Kerecis
Dokkan Brugghús

Starfsháttanefnd Vestfjarðastofu

Rebekka Hilmarsdóttir,
Viktória Rán Ólafsdóttir
Kristján Jón Guðmundsson

Formaður

Aðilar Vestfjarðastofu og fulltrúar í fulltrúaráði

| | |
|------------------------------------|-------------------------------|
| Arnarlax | Silja Baldvinsdóttir |
| Baader / 3X Technology | Karl Ásgeirsson |
| Háskólasetur Vestfjarða | Catherine Chambers |
| Fræðslumiðstöð Vestfjarða | Sædís María Jónatansdóttir |
| Arna ehf | Óskar Örn Hálfðánarson |
| Artic Sea Farm hf | Baldur Smári Einarsson |
| Reykholahreppur | Jóhanna Ösp Einarsdóttir |
| Súðavíkurhreppur | Bragi Þór Thoroddsen |
| Ísafjarðarbær | Nanný Arna Guðmundsdóttir |
| Strandabyggð | Þorgeir Pálsson |
| Vesturbyggð v/Tálknafjarðarhreppur | Þórkatla Soffía Ólafsdóttir |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Magnús Ingi Jónsson |
| ThorVerk ehf | Hlynur Einarsson |
| Kerecis | Ásta María Sverrisdóttir |
| Vesturbyggð | Þórkatla Soffía Ólafsdóttir |
| Hótel Ísafjörður | Hólmfríður Vala Svavarsdóttir |
| Hraðfrystihúsið Gunnvör | Kristján G. Jóakimsson |
| Kaldrananeshreppur | Finnur Ólafsson |
| Marigor | Halldór Halldórsson |
| Íslenska kalkþörungafélagið | Halldór Halldórsson |
| Vesturferðir | Jón Auðun Auðunarson |
| Orkubú Vestfjarða | Elías Jónatansson |
| Kaupfélag Steingrímsfjarðar | Viktoría Ólafsdóttir |
| Byggðastofnun | Guðbjörg Óskarsdóttir |
| Kampi | Kristján Jón Guðmundsson |
| Verkís | Jóhann Birkir Helgason |
| Árneshreppur | Eva Sigurbjörnsdóttir |
| Vallargata ehf. | Runólfur Ágústsson |

Starfsfólk Vestfjarðastofu

Á Vestfjarðastofu starfar öflugur hópur sérfræðinga með djúpa þekkingu á atvinnulífi, menningu, umhverfi og samfélögum svæðisins. Meginstef í allri starfsemi Vestfjarðastofu er að efla Vestfirði og gæta hagsmuna svæðisins.

Þrír nýir starfmenn voru ráðnir á árinu 2025. Embla Dögg Bachmann var ráðin verkefnastjóri Brothættra byggða í Reykhólahreppi frá 1. febrúar 2025. Erna Lea Bergsteinsdóttir var ráðin verkefnastjóri farsældarráðs frá 1. mars 2025 og Valgeir Jens Guðmundsson var ráðinn verkefnastjóri Brothættra byggða í Kaldrananeshreppi frá 1. september 2025.

Við lok ársins 2025 voru starfsmenn 16 í 15,4 stöðugildum. Staðsetning í listanum hér fyrir neðan vísar til starfsstöðvar en allir starfsmenn sinna verkefnum á öllu starfssvæði Vestfjarðastofu.

| | |
|---|----------------|
| Aðalsteinn Óskarsson - sviðsstjóri byggðasviðs | Ísafirði |
| Anna Sigríður Ólafsdóttir – verkefnastjóri miðlunar | Ísafirði |
| Embla Dögg Bachmann - verkefnastjóri brothættra byggða | Reykhólahreppi |
| Erna Lea Bergsteinsdóttir - verkefnastjóri farsældarráðs | Patreksfirði |
| Guðrún Anna Finnbogadóttir – teymisstjóri atvinnu- og byggðapróunar | Patreksfirði |
| Hjörleifur Finnsson – verkefnastjóri umhverfis- og loftslagsmála | Ísafirði |
| Kristín Hulda Guðjónsdóttir – skrifstofustörf – hlutastarf | Ísafirði |
| Magnús Þór Bjarnason - verkefnastjóri nýsköpunar og fjárfestinga | Ísafirði |
| Magnea Garðarsdóttir - verkefnastjóri | Ísafirði |
| Margrét Jóhanna Birkisdóttir – bókhald | Ísafirði |
| Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir – framkvæmdastjóri | Ísafirði |
| Skúli Gautason - menningarfulltrúi og verkefnastjóri | Hólmavík |
| Steinunn Ása Sigurðardóttir – verkefnastjóri – frá nóv 2024 | Ísafirði |
| Sölvi Guðmundsson – teymisstjóri markaðs og menningar | Ísafirði |
| Valgeir Jens Guðmundsson - verkefnastjóri brothættra byggða | Drangnesi |
| Vilborg Pétursdóttir – verkefnastjóri | Ísafirði |



Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)

Samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands er Fjórðungsþing Vestfirðinga tvískipt, að vori er viðfangsefnið uppgjör liðins starfsárs en að hausti eru það málefni landshlutans og starfsemi komandi árs. 69. Fjórðungsþing Vestfirðinga var haldið í (Edinborgarhúsinu) í apríl, og á Laugahóli í Bjarnarfirði í október.

Á Fjórðungsþingi að vori var samkvæmt samþykktum lögð fram og afgreidd ársskýrsla 2024, ársreikningur 2024 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2025. Fjárhagsnefnd Fjórðungssambandsins vann tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2025 með sviðsstjóra byggðapróunar og framkvæmdastjóra og tillögu um samþykkt ársreiknings 2024. Samkvæmt samþykktum afgreiðir þingið tillögu um efni og staðsetningu haustþings, en að öðru leyti má kynna sér undirbúning, umræðu og afgreiðslu mála þingsins, í samantekt á heimasíðu Vestfjarðastofu[1] þar með talið þinggerð. Á þinginu var kosning eins stjórnarmanns í stjórn Fjórðungssambandsins, sökum þess að Tryggvi B Bjarnason ákvað að segja sig frá störfum í bæjarstjórn Vesturbyggðar og þá samhliða í stjórn Fjórðungssambands, í hans stað var kosinn Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð.

Tvær vinnustofur voru haldnar innan þingsins undir liðnum önnur mál. Fyrri vinnustofa var í samstarfi innviðaráðuneytis, Sambandsins og Fjórðungssambandsins, varðandi endurskoðun sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið um IX kafla samvinnu sveitarfélaga og samninga um starfrækslu verkefna s.s. byggðasamlög, landshlutasamtök, leiðandi sveitarfélag. Seinni vinnustofan var samráð með kjörnum fulltúrum og stjórnendum sveitarfélaga á Vestfjörðum um efni að drögum vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050. Tillaga að vinnslutillögu var síðan send út til umsagnar í byrjun júní, í gegnum Skipulagsgátt[2].

Á Fjórðungsþingi að hausti er samkvæmt samþykktum afgreiðsla á fjárhagsáætlun komandi árs og laun nefnda og stjórnar á komandi starfsári og kynning á framkvæmd Sóknaráætlunar. Þingið var afmælisþing sem hið 70. röð Fjórðungsþinga og 75 ár frá stofnun Fjórðungssambandsins, var þingið haldið í Félagsheimilinu Hnífsdal þann 16. og 17. september og mun það vera í fyrsta sinn sem Fjórðungsþing er haldið þar og hafa þá þingin verið haldinn í öllum byggðakjörnum Vestfjarða.

Í upphafi þingsins flutti Gylfi Ólafsson, formaður stjórnar Fjórðungssambandsins ávarp um helstu málefni landshlutans og brýningu til stjórnvalda í þeim efnun. Eins fluttu ávarp Eyjólfur Ármannsson, innviðaráðherra og Arna Lára Jónsdóttir fyrir hönd þingmanna Norðvestur kjördæmis. Á dagskrá þingsins voru tvö meginviðfangsefni auk umfjöllunar og afgreiðslu ályktana þingsins og afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2026.

Fyrri viðfangsefnið var liður í vinnu að gerð Svæðisskipulags Vestfjarða. Að þessu sinn var það kynning á umsagna við vinnslutillögu sem var til umsagnar fyrr á árinu og hvernig unnið yrði með efni þeirra til mótnar auglýsingartillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050 á grunni umsagna um vinnslutillögu. Alls bárust 15 umsagnir með 78 atriðum, hér höfðu framsögu Lilja Magnúsdóttir, formaður Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur VSÓ ráðgjöf.

Síðan kynnti Smári Ólafsson, sviðsstjóri VSÓ ráðgjöf, efni minnisblaðs sem VSÓ ráðgjöf hefur unnið að fyrir Innviðanefnd Fjórðungssambandsins sem þáttur að gerð Innviðaaætlunar Vestfjarða og er ætlað að svara markmiðum svæðisskipulags. Í kynningu Smára voru kynntar forsendur mælikvarða að baki greiningar um forgangsröðun samgönguverkefna á Vestfjörðum og kynnt dæmi um hvernig forgangsröðun geti litið út miðað við gefnar forsendur og vægi mælikvarða.

[1] <https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/fv/fjordungsting/70-fjordungsting-ad-vori>

[2] <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/603>

Seinna viðfangsefnið fjallaði um Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum, þar höfðu framsögu Erna Lea Bergsteinsdóttir, verkefnastjóri Vestfjarðastofu og fjallaði hún um stofnun Farsældarráðs Vestfjarða, hún kynnti stöðu ungmenna á Vestfjörðum í samanburði við aðrar landshluta og lýsti því hvernig meginhluti í starfsemi og fjármagni sveitarfélaga varðar farsældarmál. Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri Ísafjarðarbæjar kynnti starfsemi Velferðarþjónustu Vestfjarða en Ísafjarðarbær á grundvelli samnings er leiðandi sveitarfélag á Vestfjörðum í málefnum fatlaðs fólks og í barnaverndarmálum og þær áskoranir sem varða þessa málaflokka. Móttökufelrar fyrir erlenda íbúa – inngilding voru umfjöllunarefni Höllu Signýjar Kristjánsdóttur, hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Róbert Ragnarson, ráðgjafi hjá KPMG fór yfir samstarfsverkefni sveitarfélaga á Vestfjörðum og mögulega þróun í því samstarfi með hliðsjón af umboði frá íbúum, stjórnarsýslu mála og mögulegar sameiningar sveitarfélaga. Að lokum kynnti Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu á samstarfsverkefni sveitarfélaga á Vestfjörðum sem Vestfjarðastofa vinnur að.

Þingið var að öðru leyti starfsamt og fjallaði um og afgreiddi 17 ályktanir[1] auk breytingartillagna og að loknum nefndarstörfum voru samþykktar 17 ályktanir. Kynna má sér nánar um undirbúning, umræðu og afgreiðslu mála í samantekt á heimasíðu Vestfjarðastofu[2] þar með talin þinggerð.

Í stjórn Fjórðungssambandsins sitja eftirfarandi sveitarstjórnarfulltrúar:

| Aðalmenn | Varamenn |
|--|--|
| Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ | Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ |
| Dagný Finnbjörnsdóttir, Ísafjarðarbæ | Jóhann Birkir Helgason, Ísafjarðarbæ |
| Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð | Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, Vesturbyggð |
| Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað | Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi |
| Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi | Þorgeir Pálsson, Strandabyggð |

Formaður stjórnar er Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ.

Hlutverk Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir stofnun Vestfjarðastofu.

- Samkvæmt skipuriti er Fjórðungsping æðsta vald í málefnum Vestfjarðastofu.
- FV gerir samninga við Vestfjarðastofu um rekstur skrifstofu og umsjón og framkvæmd sóknaráætlunar
- Stjórn FV hefur eftirlitshlutverk með að Vestfjarðastofa uppfylli samningana.
- FV hefur hlutverk landshlutasamtaka í samskiptum við ríki og sem landshlutasamtök er FV sá aðili sem ríkið beinir erindum til sem varða fjórðunginn.
- FV er samstarfsvettvangur sveitarfélaga.
- Tilnefningar í stjórnir í nafni Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- Stjórn fundar tvisvar á ári fyrir ársfundadag og Fjórðungsping að hausti.

Hlutverk Vestfjarðastofu:

- Vestfjarðastofa er skrifstofa FV og annast rekstur skrifstofu og verkefna samkvæmt samningum við FV, Byggðastofnun, Ferðamálastofu og aðra sem samið verður við um slíkt.
- Starfsmenn koma fram fyrir hönd Vestfjarðastofu sem verður hinn almenni samnefni fyrir byggða- og atvinnuþróunarmál Vestfjarða.
- Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri byggðasviðs Vestfjarðastofu hafa umsjón með þeim verkefnum sem tilheyra rekstri og umsýslu verkefna fyrir FV svo sem:
 - Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi. Umsagnir eru almennt gerðar í nafni Vestfjarðastofu f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga til að umboðskeðja sé skýr.

- i. Vinnu við sóknaráætlun landshlutans.
- ii. Áhersluverkefni sóknaráætlunar.
- iii. Uppbyggingarsjóður - rekstur og umsýsla.
- iv. Samskipti við önnur landshlutasamtök sem Vestfjarðastofa.
- v. Samskipti við starfsmenn stjórnarráðsins.
- vi. Samskipti við sveitarstjórnarmenn á starfssvæði FV.
- vii. Rekstur fastanefnda.



Sóknaráætlun Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga er samningsaðili við stjórnvöld vegna Sóknaráætlunar Vestfjarða en starfsfólk Vestfjarðastofu annast umsýslu Sóknaráætlunar samkvæmt samningi milli Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í Sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Unnið var samkvæmt markmiðum Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029[1] á starfsárinu og eins má kynna sér ársskýrslu Sóknaráætlunar Vestfjarða á heimasíðu Vestfjarðastofu[2].

[1] https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/soknaraaetlunvestfjarda_v4.pdf

[2] <https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/greinagerd-soknaraaetlunar-2024.pdf>

Sóknarhópur Vestfjarða

Sóknarhópur Vestfjarða var stofnaður 16. maí 2023. Kallað hafði verið eftir að styrkja rödd atvinnulífsins innan Vestfjarðastofu og var sóknarhópurinn stofnaður sem svar við því. Markmiðið var að skapa samstarfsvettvang fyrir tækja á Vestfjörðum og til að gæta að sameignlegum hagsmunum þeirra. Breytingar voru gerðar á samþykktum Vestfjarðastofu árið 2022 og þannig fengu fyrirtækin á Vestfjörðum sterkari aðkomu að stefnumótun, verkefnavali og hagsmunagæslu í gegnum Sóknarhóp.

Hagsmunaaðilar í Sóknarhópi eru aðgreindir eftir sviðum Vestfjarðastofu og eru kosnir tveir aðalmenn og tveir til vara innan hvors sviðs. Þau fjögur sem kjörin eru aðalmenn fara inn í stjórn Vestfjarðastofu. Fimm efstu í kjörinu mynda stjórn Sóknarhóps og er fimmti stjórnarmaður Sóknarhóps fyrsti varamaður atvinnulífs og menningar í stjórn Vestfjarðastofu og hefur rétt til að sitja stjórnarfundum sem áheyrnarfulltrúi. Aðal- og varamenn í Sóknarhópi mynda síðan fagråd fyrir hvort svið. Eftir fyrst árið var ljóst að það væri knappur tími fyrir stjórnarmenn að sitja aðeins eitt ár og ný stjórn Sóknarhóps var kosin til tveggja ára á ársfundi Sóknarhópsins þann 12. maí 2025 en lögunum var breytt 2024.

Á árinu voru haldnir 9 stjórnarfundir Sóknarhóps þar sem hagsmunamál atvinnulífsins voru rædd og Gullkistan Vestfirðir undirbúin til að bæta ímynd Vestfjarða og atvinnulífsins. Nóg var af verkefnum svo sem innviðagjöld, Cruise Iceland, Sólmyrkvaspjall, fiskeldisgjald, fiskeldislöggjöf, búvörulögin og áhyggjur af Örnun mjólkurstöð, kolefnisgjöld, jöfnunarstyrkur og staðan í sjávarútvegi. Það má segja að öll þessi mál á einum fundi endurspeglu mjög vel hversu mikil hagsmunabarátta hefur verið nauðsynleg síðastliðið ár.

Atvinnu- og byggðapróun

Undir sviðið fellur öll starfsemi sjávarútvegs, fiskeldis, iðnaðar, þjónustu og nýsköpunar. Hlutverk Vestfjarðastofu er að skapa vettvang sem keyrir áfram hagsmunamál fyrir atvinnulífið.

Fagråd atvinnu- og byggðapróunar

- Gauti Geirsson
- Guðmundur Fertram Sigurjónsson
- Lilja Sigurðardóttir
- Halldór Halldórsson

Ferðaþjónusta og menning - Markaðsstofa Vestfjarða

Undir sviðið fellur öll sú starfsemi er nær til ferða- og menningarmála. Markaðsstofa Vestfjarða hefur verið starfrækt frá árinu 2006. Markaðsstofa Vestfjarða annast hagsmunagæslu ferðaþjóna í landshlutanum, vinnur í samstarfi við markaðsstofur landshlutanna, kemur að uppsetningu ferðasýningarinnar Mannamóta og sér um markaðs- og kynningarstarf fyrir ferðaþjónustu á Vestfjörðum ásamt fjölda annarra verkefna.

Fagråd Markaðs- og menningar

- Anna Björg Þórarinsdóttir
- Sif Huld Albertsdóttir
- Elísabet Gunnarsdóttir
- Sædís Ólöf Þórsdóttir

Markmið Sóknarhópsins var að halda einn staðfund á ári og svo einn netfund með öllum aðilum Sóknarhópsins. Lögð var áhersla á að stjórnin væri sýnileg og að félagsmenn gætu komið málum á framfæri við hana til frekari skoðunar. Eitt af markmiðunum var að stofna mætti faghópa um ákveðin málefni og hefur verið leitað til þeirra um álit á ákveðnum málum.

Starfsemi Vestfjarðastofu

Starfsáætlun Vestfjarðastofu er unnin af starfsmönnum og stjórn og er birt í upphafi hvers árs. Í starfsáætlun eru áherslur hvers árs dregnar fram og þau verkefni sem unnið verður að á árinu.

Mörg verkefni Vestfjarðastofu eru viðvarandi verkefni þar sem áherslur geta verið breytilegar milli ára en einnig eru áhersluverkefni Sóknaráætlunar oft framkvæmd af Vestfjarðastofu með samningum við Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV).

Í ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi hvernar deildar árið 2025.

Rekstur skrifstofu

Rekstur skrifstofu Vestfjarðastofu var í ágætu jafnvægi árið 2025 og hefðbundin verkefni í góðum farvegi. Miðlun á vef og í fréttabréfi er stöðug og góð en eins og sést hefur ekki náðst að vinna að verkefnum á sviði gagnastjórnunar, ekki voru haldin formleg námskeið um miðlun eða farið í starfsmannaferð. Stefnt er að úrbótum á þessum sviðum á árinu 2026.

Í október fóru starfsmenn Vestfjarðastofu í skemmtiferð til Prag og áttu þar saman langa helgi sem var kærkomin eftir þetta dagskrá í vinnu haustsins.

Árlegur vinnufundur stjórnar og starfsmanna Vestfjarðastofu var haldinn í nóvember með vinnustofu og umræðum um starfsemina. Þar komu saman starfsfólk af öllum starfsstöðvum Vestfjarðastofu og meðlimir stjórnar. Þessi fundur er gagnlegur til að stjórn og starfsmenn hittist og hver starfsmaður fer yfir sín verkefni á árinu og það sem er framundan á því næsta.

Starfsmannadagur var næsta dag og Aðalsteinn Óskarsson hóf daginn með örnámskeiði um fundarstjórn sem starfsfólk hefur lengi kallað eftir. Síðan var Eypór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun með samsett erindi fyrir starfsfólk undir yfirskriftinni „Virkjum kraftinn í streitunni“ og „Jákvæð menning“. Í fyrra erindinu var farið yfir hvernig áskoranir í lífinu í leik og starfi geta verið nýttar sem jákvætt afl til persónulegrar eflingar og í hinu síðara var horft til þeirra sammanlegu þátta sem tengja öll manna börn órjúfanlegum böndum.



Sóknaráætlun Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga fól Vestfjarðastofu með samningi umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða. Í því felst að annast alla umsýslu Sóknaráætlunar, samstarf við samráðsvettvang og úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs, framkvæmd úthlutunar og samskipti við styrkþega. Vestfjarðastofa annast einnig umsjón með áhersluverkefnum Sóknaráætlunar.

Sóknaráætlun Vestfjarða er ætlað að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfi landshlutans og er það gert með því að setja fjármagn í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og fjármagn í áhersluverkefni ár hvert. Eru þau valin út frá þeim forsendum sem sett eru fram í framtíðarsýn sem kemur fram í áætluninni.

Heildarframlög ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða námu um 120 mkr, sem að frádregnum rekstrarkostnaði var skipt á milli áhersluverkefna og framlaga Uppbyggingarsjóðs. Frekari upplýsingar um ráðstöfun fjárframlaga Sóknaráætlunar má finna í árlegri greinargerð Sóknaráætlunar

Úthlutað var úr Uppbyggingarsjóði í desember 2024 fyrir árið 2025. Eftirfylgni styrkúthlutana er nokkuð tímafrekt verkefni. Gera þarf samninga við styrkþega, fara yfir framvindu- og lokaskýrslur og greiða út styrki. Starfsmenn Vestfjarðastofu annast vinnuna en útborgun styrkja og annarra framlaga fer í gegnum reikninga Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Áhersluverkefni í vinnslu árið 2025

- Uppbygging og fjárfestingar á Vestfjörðum
- Ungmennalýðræði á Vestfjörðum
- Sólmurkvi 2026
- Visit Westfjords og Vestfjarðaleiðin
- Úrgangsmál og hringrásarhagkerfi á Vestfjörðum
- Samstarfsverkefni í orkumálum – Blámi
- Svæðisskipulag Vestfjarða
- Gullkistan Vestfirðir
- Farsældarþing og verkefni á sviði farsældar og inngildingar

Nánara yfirlit allra verkefna má finna á heimasíðunni eða í árlegri greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða.



Atvinnuþróun

Á Gullkistunni Vestfirðir sögðum við sögur af svæði sem þorir og getur – þar sem fjölbreytt mannlíf, tækninýjungar, frumkvæði og samheldni móta samfélag í stöðugri þróun.

Gullkistan var frábærlega vel heppnuð stórsýning sem haldin var í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði í byrjun september. Um 80 sýnendur frá öllum Vestfjörðum tóku þátt og íbúar og gestir fylltu íþróttahúsið allan daginn. Margir góðir gestir tóku þátt í dagskrá dagsins. Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir opnaði sýninguna og atvinnuvegaráðherra Hanna Katrín Friðriksson flutti ávarp. Guðni Th. Jóhannesson var með erindi í málstofu og Guðmundur Ingi Kristinsson mennta- og barnamálaráðherra heimsótti sýninguna.



Fiskeldismál

Starfsfólk Vestfjarðastofu sótti að vanda ráðstefnuna Lagarlíf í Hörpu þar sem um 700 manns mættu. Tengsl og stuðningur við lagareldi er mikilvægur þáttur í atvinnuþróun á Vestfjörðum og þátttaka og þekkingaryfirfærsla í atvinnugreininni því mikilvægur þáttur í starfsemi Vestfjarðastofu. Innan stjórnar Sóknarhóps hefur einnig verið unnið að hagsmunamálum í fiskeldi út frá umhverfismálum, samfélögunum og uppbyggingu greinarinnar.

Fjárfestingar á Vestfjörðum

Vefsíðan InWest.is sem er fjárfestingasíða fyrir Vestfirði og var opnuð snemma árs 2024. Síðunni er ætlað að draga fram fjárfestingakosti á Vestfjörðum og vera upplýsingaveita um áhugaverða fjárfestingakosti. Markmið Inwest.is er ekki aðeins að auka sýnileika Vestfjarða sem ákjósanlegs fjárfestingarkosts heldur einnig að stuðla að sjálfbærri þróun svæðisins með því að laða að fjárfestingu sem nýtir gæði og náttúruauðlindir á ábyrgan hátt.

Nýsköpunarverkefni „Start up landið“

Vestfjarðastofa tók þátt í nýsköpunarverkefninu „Start Up landið“ með öðrum landshlutasamtökum. Verkefnið samanstóð af tveimur hópum frá hverjum landshluta og var breidd verkefna mikil, af Vestfjörðum voru það Dagbjartur og Guðrún frá Þingeyri og verslun í dreifbýli, og Geir og Öundur frá Cannartica á Flateyri með vatnskæld gróðurljós. Start Up landið þótti takast það vel að áframhald verður á verkefninu á árinu 2026.

Sjávarútvegsklasinn & Hafsjór af hugmyndum

Sjávarútvegsklasinn Vestfjarða heldur reglulega fundi þar sem bæði er fræðsla og unnið að hagsmunamálum greinarinnar. Óhætt að segja að árið 2025 hafi farið mikil vinna í hagsmunagæslu vegna breytinga á byggðakvóta, línuívilnun, rækju- og skeljabætur, kolefnisgjalds og veiðigjald. Sjávarútvegsklasinn vann ályktun sem lögð var fyrir Sóknarhóp Vestfjarðastofu.

” Sóknarhópur Vestfjarðastofu vara við alvarlegum afleiðingum nýrrar reglugerðar um byggðakvóta fyrir atvinnulíf og byggðafestu á Vestfjörðum. Reglugerðin felur m.a. í sér 57% skerðingu á þorskaflaheimildum í almenna byggðakvótanum, verulega skerðingu á línuívilnun og skel- og rækjubótum og hefur sérstaklega neikvæð áhrif á litlar og meðalstórar útgerðir og fiskvinnslur sem hafa reitt sig á byggðakvóta fyrir stóran hluta hráefnis. ”

Sjávarútvegsklasinn Vestfjarða var með Hafsjó af hugmyndum sem eru styrkir til háskólanema sem vinna lokaverkefni



Bláa hagkerfið

Framtíðarsýn og vaxtarmöguleikar Vestfjarða í bláa hagkerfinu eru stór hluti af starfi við atvinnuráðgjöf hjá Vestfjarðastofu. Undir bláa hagkerfið fellur nánast öll notkun mannsins á hafinu; fiskveiðar, fiskeldi, þari, þörungar og sjávar tengd ferðaþjónusta svo dæmi séu tekin. Starfsfólk Vestfjarðastofu sótti á árinu 2025 nokkrar ráðstefnur tengdar ofangreindum viðfangsefnum. Ráðstefnur um þörungar, fiskeldismál, fóður, sjávarútveg, ferðaþjónustu og fleiri verkefni. Ráðstefnur eru mikilvægar til tengslamyndunar og til að fylgjast með því nýjasta sem er að gerast á hverju sviði og kynna verkefnum sem gagnast geta frumkvöðlum og fyrirtækjum á Vestfjörðum. Eitt af samstarfsverkefnum sem voru kláruð var verkefni um möguleikum í vinnslu hliðarafurða frá vestfirskum sjávarútvegi. Niðurstöður verkefnis sýna talsverð tækifæri í frekari vinnslu hráefna og tilefni til frekari nýsköpunar á þessu sviði. Það sem gerir nýsköpun í bláa hagkerfinu einstaklega áhugaverða er hve þverfagleg hún er og hve margar atvinnugreinar þurfa að vinna saman.

Þari og þörungar

Nokkur vinna hefur farið í hagsmunagæslu og kynningu á möguleikum á Vestfjörðum til þörungaráæktar og vinnslu þara og þörungar. Vestfirðir búa yfir einstökum náttúrulegum skilyrðum til þörungaráæktar, sérstaklega í Breiðafirði og við Húnaflóa. Á árinu gaf Vestfjarðastofa út upplýsingabækling um sóknarfæri í þörungaráækt og kosti Vestfjarða til þörungaráæktar.

Brothættar byggðir í Reykhólahreppi – Fjár sjóður fjalla og fjarða

Reykhólahreppur er þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir með áherslu á samfélagslega þróun í gegnum verkefnið Fjár sjóður fjalla og fjarða. Verkefnið er unnið í samstarfi við Reykhólahrepp, Vestfjarðastofu og Byggðastofnun, með það að markmiði að styðja við sjálfbæra uppbyggingu, virka þátttöku íbúa og framtíðarsýn íbúa sem birt er í verkefnisáætlun[1]. Ársskýrsla Fjár sjóðs fjalla og fjarða 2025[2]

Brothættar byggðir í Kaldrananeshreppi – Jú víst! Kraftur í Kaldrana

Kaldrananeshreppur hóf göngu sína í verkefninu Brothættar byggðir á miðju ári 2025. Áætlað er að verkefnið vari í fimm ár til loka ársins 2030. Á íbúáþingi sem haldið var 4. - 5. október 2025 völdu íbúar heitið Jú víst! Kraftur í Kaldrana fyrir verkefnið og úr efni þingsins var unnin verkefnisáætlun[3]. Finna má ársskýrslu verkefnisins fyrir árið 2025 á vef Vestfjarðastofu[4].

MERSE - Samfélagsleg nýsköpun

Vestfjarðastofa er þátttakandi í verkefninu MERSE, Business Models Empowering Rural Social Entrepreneurship voicing the rural norm. Markmiðið MERSE er að þróa viðskiptamódel, stuðningskerfi og aðstæður fyrir samfélags-frumkvöðla sem annað hvort vilja stofna eða þróa samfélagsdrifin verkefni í dreifðum byggðum. Nánari upplýsingar um MERSE verkefnið má finna á vef Vestfjarðastofu[5].



Brothættar byggðir í Reykhólahreppi – Fjár sjóður fjalla og fjarða

Reykhólahreppur er þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir með áherslu á samfélagslega þróun í gegnum verkefnið Fjár sjóður fjalla og fjarða. Verkefnið er unnið í samstarfi við Reykhólahrepp, Vestfjarðastofu og Byggðastofnun, með það að markmiði að styðja við sjálfbæra uppbyggingu, virka þátttöku íbúa og framtíðarsýn íbúa sem birt er í verkefnisáætlun[1]. Ársskýrsla Fjár sjóðs fjalla og fjarða 2025[2]

Brothættar byggðir í Kaldrananeshreppi – Jú víst! Kraftur í Kaldrana

Kaldrananeshreppur hóf göngu sína í verkefninu Brothættar byggðir á miðju ári 2025. Áætlað er að verkefnið vari í fimm ár til loka ársins 2030. Á íbúáþingi sem haldið var 4. - 5. október 2025 völdu íbúar heitið Jú víst! Kraftur í Kaldrana fyrir verkefnið og úr efni þingsins var unnin verkefnisáætlun[3]. Finna má ársskýrslu verkefnisins fyrir árið 2025 á vef Vestfjarðastofu[4].

MERSE - Samfélagsleg nýsköpun

Vestfjarðastofa er þátttakandi í verkefninu MERSE, Business Models Empowering Rural Social Entrepreneurship voicing the rural norm. Markmiðið MERSE er að þróa viðskiptamódel, stuðningskerfi og aðstæður fyrir samfélags-frumkvöðla sem annað hvort vilja stofna eða þróa samfélagsdrifin verkefni í dreifðum byggðum. Nánari upplýsingar um MERSE verkefnið má finna á vef Vestfjarðastofu[5].



BOCOD

Vestfjarðastofa er þátttakandi í verkefninu BOCOD, Boosting Continuity and Digitalisation of Rural Region Businesses og er það til þriggja ára. Markmið verkefnisins er að efla nýsköpun, sjálfbærni og rekstrarhæfni fyrirtækja í dreifbýli með áherslu á stafræna þróun og undirbúning eigendaskipta. Með því að bregðast við áskorunum eins og fólksfækkun og öldrun íbúa, leitast verkefnið við að tryggja áframhaldandi atvinnu og þjónustu í jaðarbyggðum[6]. Árið 2025 var fyrsta ár verkefnissins og fór tíminn í að koma verkefni af stað og hefja vinnu við það. Fyrsti vinnupakki verkefnis fólst í að kortleggja þá aðila og þær stefnur er varða nýsköpun og kynslóðaskipti. Unnið er náið með Austurbrú og Fræðslumiðstöð Vestfjarða að verkefninu.

[1] <https://www.vestfiridir.is/static/files/Reykholar-FFF/2025.06.26-fjarsjodur-fjalla-og-fjarda-verkefnisaetlun-2025-2029-endanlegt-skjal.pdf>

[2] <https://www.vestfiridir.is/static/files/Reykholar-FFF/arsskyrsla-2025-fff.pdf>

[3] https://www.vestfiridir.is/static/files/Ju_vist_Kraftur/2025.11.26-ju-vist-kraftur-i-kaldrana-verkefnisaetlun-2026-2030-lokautgafa-copy.pdf

[4] https://www.vestfiridir.is/static/files/Ju_vist_Kraftur/arsskyrsla-kaldrananeshrepps-jkk-i-bb-lokautgafa-til-birtingar-copy.pdf

[5] <https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/atvinnuthroun-og-nyskopun/merse>

[6] <https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/atvinnuthroun-og-nyskopun/bocod>

Byggðamál og samfélag

Rekstur skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og þau mál sem tengjast samstarfi sveitarfélaga og landshlutasamtaka falla undir deildina Byggðamál og samfélag. Þar ber hæst verkefni eins og árleg Fjórðungsping og síðan fjölbreytt samstarf innan og utan Vestfjarða.

Samstarf við Samband sveitarfélaga og önnur landshlutasamtök er nokkuð mikið og gott að geta borið saman starfsemi og vinnulag. Sviðsstjóri byggðamála og framkvæmdastjóri skipta með sér verkum við að fara á sameiginlega fundi.

Samskipti við Alþingi og ráðuneyti

Fundir með nefndum Alþingis, ráðuneytum og ráðherrum:

Samskipti við ráðuneyti, ráðherra og stofnanir ríkisins voru að vanda nokkur á árinu 2025 og fólust í að kynna málefni Vestfjarða fyrir nýrri ríkisstjórn sem og eftirfylgni ályktana og stefnuskjala FV & Vestfjarðastofu.

| | |
|------------|--|
| 28.01.2025 | Undirritun nýrra samninga um Sóknaráætlanir – innviðaráðuneyti, menningaráðuneyti, umhverfis, orku og nýsköpunaráðuneyti |
| 19.02.2025 | Innviðaráðuneyti – vegna frumvarps um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga |
| 24.02.2025 | Innviðaráðuneyti - Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs |
| 06.03.2025 | Innviðaráðherra Eyjólfur Ármannsson – eftirfylgni umsagna, kynning á málefnum Vestfjarða |
| 18.03.2025 | Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis – vegna Ísafjarðarflugs |
| 19.03.2025 | Fundur með þingmönnum NV og bæjar- og sveitarstjórum á Vestfjörðum |
| 20.03.2025 | Umhverfis- orku og loftslagsráðherra – Jóhann Páll Jóhannsson vegna orkumála á Vestfjörðum |
| 29.04.2025 | Allsherjar – og menntamálanefnd Alþingis |
| 22.05.2025 | Atvinnuveganefnd Alþingis |
| 27.05.2025 | Fjárlaganefnd Alþingis – Fjármálastefna |
| 30.05.2025 | Atvinnuveganefnd Alþingis |
| 12.09.2025 | Forsætisráðuneyti vegna Atvinnustefnu – öll landshlutsamtök |
| 29.09.2025 | Þingmannafundur í kjördæmavíku – Hólmavík |
| 10.11.2025 | Heimsókn mennta- og barnamálaráðherra til Ísafjarðar |
| 24.11.2025 | Mennta- og barnamálaráðuneyti – málefni framhaldsnáms á Vestfjörðum |
| 16.12.2025 | Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál – árlegur fundur |

Umsagnir

Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fyrir Alþingi er hluti af hagsmunagæslu landshlutans. Með gerð umsagna gefst færi á að koma að sjónarmiðum og athugasemdum gagnvart drögum að frumvörpum, áætlunum eða reglugerðum frá stjórnvöldum. Efni umsagna nýtist síðan áfram þegar frumvörp eða tillaga að þingsályktunum eru lögð fram á Alþingi.

Tími leyfir ekki að umsagnir séu gerðar nema við allra mikilvægustu mál sem varða Vestfirði. Þá er sérstaklega horft til mála sem varða uppbyggingu innviða s.s. samgöngur, raforku og fjarskiptamál auk málefna sjávarútvegs, fiskeldis og ferðaþjónustu. Einnig er fylgst með málum sem tengjast náttúruvernd og umhverfismálum á fjölbreyttan hátt.

Umsagnir til Alþingis

- [Umsögn, samráð um breytingar á skilyrðum v. uppbyggingu farneta á stofnvegum \(maí 2025\)](#)
- [Umsögn, þingsályktun um fjármálaáætlun 2026-2030 \(maí 2025\)](#)
- [Umsögn, tillaga að Kerfisáætlun 2025-2034 \(maí 2025\)](#)
- [Umsögn, frumvarp til fjárlaga 2026 \(október 2025\)](#)
- [Umsögn, frumvarp um sýslumann \(sameining embætta\) \(október 2025\)](#)
- [Umsögn, frumvarp veitingastaðir, gisting, skemmtanahald \(skerðing heimagistingar við eitt lögheimili\) \(október 2025\)](#)
- [Umsögn, frumvarp um kílómetragjald \(október 2025\)](#)
- [Umsögn, þingsályktun Landsbyggðarmat \(nóvember 2025\)](#)
- [Umsögn, Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála. Strandsvæðaskipulag. Málefni heilbrigðisnefnda. \(desember 2025\)](#)

Samtöl við stofnanir og samtök

| | |
|------------|---|
| 30.01.2025 | Vegagerðin, Bergþóra Þorkelsdóttir og fleiri |
| 30.01.2025 | Vinnustofa Landsnets um tengingu Hvalár |
| 31.01.2025 | Samtök Iðnaðarins, Sigurður Hannesson og fleiri |
| 07.05.2025 | Landsnet – kynning á Kerfisáætlun |
| 10.06.2025 | Vegagerðin vegna Ísafjarðarflugs |
| 10.09.2025 | RÚV – Ýmis mál – Stefán Eiríksson |
| 30.09.2025 | Vegagerðin vegna Ísafjarðarflugs |

Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050

Eitt mikilvægasta verkefni Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga árið 2025 er umsjón vinnu við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050. Fram var haldið vinnu frá árinu 2024 og fyrri hluta ársins 2025 var unnin vinnslutillaga og henni skilað í lok maí og hún auglýst til umsagnar til loka ágúst. Unnið var úr innsendum umsögnum og drög að ramma auglýsingartillögu kynnt á Fjórðungspingi Vestfirðinga í október en endanleg tillaga afgreidd úr Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða þann 17. nóvember. Sveitarstjórnir samþykktu í framhaldinu að auglýsa tillöguna og hún var send til umsagnar Skipulagsstofnunar í lok desember. Að óbreyttu er þá stefnt að tillagan verði auglýst til umsagnar í byrjun árs 2026 og sveitarstjórnir geti tekið tillöguna til afgreiðslu næsta vor.

Svæðisskipulag Vestfjarða miðar að því að móta framtíð svæðisins til ársins 2050. Það er heildstæð áætlun sem tekur til margra þátta, þar á meðal landnotkunar, samgöngumannvirkja, orkumála, umhverfisverndar og samfélagsþróunar. Markmiðið er að tryggja sjálfbæra þróun sem styrkir samfélögin á Vestfjörðum og verndar einstaka náttúru svæðisins. Svæðisskipulagi Vestfjarða er ætlað að vera hreyfiafl framfara og sameiginlegt verkfæri sveitarfélaganna og landshlutans í samskiptum sín á milli og út á við, verkfæri sem styrkir stöðu Vestfjarða. Svæðisskipulagið verður farvegur sameiginlegra hagsmuna Vestfirðinga og er því ætlað að draga fram þætti sem efla samfélagið á Vestfjörðum með frumkvæði, þekkingu og samvinnu að leiðarljósi.

Í vinnunni við svæðisskipulagið er lögð áhersla á samvinnu sveitarfélaga á Vestfjörðum, ríkisstofnana, og annarra hagsmunaaðila. Mikilvægt er að allir komi að borðinu til að tryggja að áætlunin endurspegli vilja og þarfir Vestfirðinga. Skipulagið mun nýtast til að taka ákvarðanir um nýtingu og verndun lands og náttúru á sameiginlegum vettvangi.

Svæðisskipulagið mun hafa áhrif á fjárfestingar, atvinnuþróun og lífsgæði á Vestfjörðum. Með því að skapa skýra sýn á framtíðina er hægt að laða að fjárfestingar í nýjum atvinnugreinum og styðja við þau fyrirtæki sem fyrir eru. Mikilvægt er að skipulagið taki mið af loftslagsbreytingum og tryggi að Vestfirðir verði í stakk búnir til að takast á við þær áskoranir sem þeim fylgja. Með því að vinna saman geta Vestfirðingar skapað bjarta framtíð fyrir svæðið sitt. Lokaniðurstaðan mun hafa víðtæk áhrif og móta samfélagið til framtíðar.

Ungmennafing og ungmennaráð

Árið 2025 var viðburðarríkt í málefnum ungs fólks á Vestfjörðum. Megináhersla hefur verið lögð á að auka hlutdeild ungmenna í ákvarðanatöku og samfélagsmótun, tryggja þeim vettvang til að láta raddir sínar heyrast og efla tengsl þeirra við heimabyggðina. Vettvangur þessa starfs er starfsemi ungmennaráðs Vestfjarða og þriðja ungmennafing svæðisins.

Einn stærsti viðburður ársins var þriðja ungmennafing Vestfjarða, sem haldið var á Hótel Breiðuvík dagana 8.–10. september. Þar komu saman 55 ungmenni á aldrinum 13–18 ára, fulltrúar allra svæða á Vestfjörðum. Yfirskrift og meginþema þingsins að þessu sinni var jafnrétti.

Dagskrá þingsins var metnaðarfull og sneri að mörgum hliðum jafnréttismála:

Fræðsla og vitundarvakning: Gestafyrirlesarar á borð við Bjarna Snæbjörnsson, Miriam Petru Ómarsdóttur Awad og Eyrúnu Þórsdóttur fjölluðu um mennsku, fordóma, inngildingingu og kynjajafnrétti.

Sérhæfð fræðsla: Samtökin '78 buðu upp á hinseginfræðslu og Sólborg Guðbrandsdóttir stýrði kynfræðslu.

Lýðræði og stjórnámál: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Reykhólahrepps, vakti áhuga ungmennanna á stjórnámálum og mikilvægi þess að hafa áhrif á eigið samfélag.



Ungmennapingið er ekki aðeins fræðsluvettvangur heldur mikilvægur liður í stefnumótun fjórðungsins. Á þinginu veltu þátttakendur fyrir sér framtíð Vestfjarða til ársins 2050 í tengslum við svæðisskipulag og lögðu fram tillögur að nýrri menningarstefnu Vestfjarða.

Við lok þingsins var kosið í nýtt ungmennaráð Vestfjarða. Ráðið gegnir veigamiklu hlutverki, en fyrr á árinu tók það meðal annars ákvörðun um að „hafið“ yrði þema barnamenningarhátíðarinnar Púkans árið 2026. Þar lögðu ungmennin áherslu á að tengja þemað við vísindi og samgöngur milli staða.

Framkvæmd ungmennastarfsins er í höndum verkefnastjóra Vestfjarðastofu Ernu Leu Bergsteinsdóttur og kom Embla Bachmann að skipulagningu Ungmennapings og fleiri verkefnum. Öflug fjármögnun er forsenda þess að hægt sé að halda úti svo umfangsmiklu starfi, en ungmennapingið hlaut veglegan styrk úr Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins.

Til að sækja frekari þekkingu og innblástur sóttu verkefnastjórar ungmennamála málþingið „Hvað ef ég vil vera hér?“ á Höfn í Hornafirði síðastliðinn september. Þar var sjónum beint að byggðafestu ungs fólks og hvernig megi styrkja tengsl þeirra við landsbyggðina. Sú þekking sem þar fékkst mun nýtast við innleiðingu svipaðra verkefna á Vestfjörðum til að styðja við farsæld og framtíðarmöguleika ungmenna í fjórðungnum.

RECET

Vestfjarðastofa er þátttakandi í verkefninu Rural Europe for the Clean Energy Transition (RECET). RECET hlaut árið 2023 styrk sem nemur um 1,5 milljónum evra (225 milljónum ISK) úr LIFE styrktaráætlun Evrópusambandsins sem leggur áherslu á umhverfis- og loftslagsmál. Verkefnið er samstarfsverkefni fimm landa og fjölmargra sveitarfélaga, og er það leitt af Íslendingum. RECET er ætlað að efla getu sveitarfélaga á fimm svæðum í Evrópu til að takast á við orkuskipti og smíða orkuskiptaáætlanir fyrir sveitarfélögin á svæðunum í samvinnu og samstarfi við hagsmunaaðila og atvinnulíf.[1]

Viðamikilið starf fór fram innan verkefnisins árinu 2025. Því má skipta gróflega í þrennt; a) vinna við gerð orkuskiptaáætlunar fyrir Vestfirði í heild, sem fór fram undir hatti svæðisskipulagsgerðar (sjá kafla um Svæðisskipulag), b) aðstoð við stök sveitarfélög við gerð loftlagsstefnu þeirra og c) almenna kynningu og fræðslu á loftslagsmálum og Recet verkefninu.

Af þessum þremur þáttum var b liðurinn umfangsmestur en undir honum voru haldnar XX vinnustofur um gerð loftlagsstefna og YY um innleiðingu á stafrænu losunarbókhalði. Vinnustofurnar voru haldnar með heimsóknnum í viðkomandi sveitarfélag eða á netinu í gjöfulu samstarfi við Samband Sveitarfélaga og Klappir ehf.

[1] <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/umhverfismal/recet>



Framtíð Breiðafjarðar

Vísað er til árskýrslu fyrri ára en stýrihópur umhverfis-, orku og loftlagsráðherra skilað lokaskýrslu til ráðherra í Flatey á Breiðafirði í júlí 2024, skýrslan ber heitið Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar og má finna á vef Vestfjarðastofu[1]. Á árinu 2025 var fylgt eftir tillögum skýrslunnar m.a. að hafin verið gerð strandsvæðaskipulags Breiðafjarðar með kynningu verkefnisins með umsögnum til Alþingis og ráðuneyta, stofnað var til samráðsvettvangs sveitarfélaga við Breiðafjörð í október og unnið með greiningu á forsendum að stofnun Þekkingarnets Breiðafjarðar.

Leiðir til byggðafestu

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV), Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) stóðu sameiginlega að verkefni með styrk frá innviðaráðuneytinu til að efla byggð á því landsvæði sem mest á undir sauðfjárrækt. Þar er litið til Dalabyggðar, Reykhólahrepps, Strandabyggðar, Kaldranahrepps, Árneshrepps og Húnaþings vestra.

Í sveitarfélögunum sex er talin mikil þörf á að fjölga nýsköpunarverkefnum til að treysta byggðafestu á lögbýlum, auk þess að veita frumkvöðlum á svæðinu stuðning og hvatningu. Með verkefninu er hvatt til nýsköpunar og verðmætasköpunar. Áherslan er fyrst og fremst á lögbýli á strjálbýlum svæðum.

Lokamálping um leiðir til byggðafestu á sauðfjárræktarsvæðum Dalabyggðar, Reykhólasveitar, Stranda og Húnaþings vestra fór fram á Laugum í Sælingsdal þriðjudaginn 18. nóvember. Málþingið markaði lok verkefnisins Leiðir til byggðafestu, sem hófst árið 2023.

Málþingsstjóri var Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu, og flutti Hjörleifur Finnsson þar erindi. Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, sótti málþingið en FV er meðal samstarfsaðila verkefnisins. Þá sótti það einnig nýr starfsmaður okkar á Ströndum, Valgeir Jens Guðmundsson, sem er verkefnisstjóri Jú víst! Kraftur í Kaldrana, verkefnis á sviði Brothættra byggða.

Nánari upplýsingar um málþingið má finna í frétt á vef Vestfjarðastofu[2].

Nánari upplýsingar og skýrslu vegna verkefnisins má nálgast á vef Vestfjarðastofu[3].

Samstarf landshlutasamtaka

Samstarf milli landshlutasamtaka er jafnan þétt og mikið. Framkvæmdastjórar landshlutasamtaka hittast mánaðarlega og fjölbreytt samstarf er á mörgum sviðum. Árlega hittast formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka á sumarfundi og að þessu sinni var hist á Hvolsvelli og sóttu Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir og Gylfi Ólafsson það. Auk þess fundar eru staðfundir í aðdraganda Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga á haustin.

Landshlutasamtökin hafa stóraukið samstarf sitt, en í byrjun árs 2025 hófst samstarfsverkefni þeirra Forvitnir frumkvöðlar. Þar er boðið upp á mánaðarleg fræðsluerindi á netinu sem sniðin eru að frumkvöðlum, en fræðsla fyrir frumkvöðla á landsbyggðinni er eitthvað sem bjóða þarf upp á með reglubundnum hætti þar sem sífellt bætist í hóp þeirra sem eru að feta sín fyrstu skref í þeim efnum. Það er því úrvalsgóð aðferð að gera þetta í samvinnu – þar sem þetta er eitthvað sem á við um allt land.

Landshlutasamtökin fengu styrk úr Lóu og héldu í fyrsta sinn sameiginlegan hraðal Startup landið. Í honum gafst frumkvöðlum á landsbyggðinni kostur á að góðu starti með verkefni sín. Tvö verkefni voru valin til þátttöku úr hverjum landshluta og fengu þau heilmikla fræðslu og handleiðslu á meðan á hraðlinum stóð. Verkefnið tókst það vel upp að fyrirhugað er að endurtaka leikinn í ár.

[1] <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/byggdathroun/framtidarmoguleikar-breidafjardar>

[2] <https://www.vestfirdir.is/is/moya/news/leidir-til-byggdafestu-i-dreifbyli-skodadar-a-malthingi>

[3] <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/byggdathroun/leidir-til-byggdafestu>

Markaðsstofa Vestfjarða / Markaður og menning

Deildin Markaður og menning vinnur að verkefnum tengdum menningarmálum og þróun og markaðssetningu ferðapjónustu á Vestfjörðum. Markaðstofa Vestfjarða annast ferðapjónustutengd verkefni, hefur hlutverk áfangastaðastofu, annast útgáfu áfangastaðaáætlana, kemur að þróun ferðapjónustu á Vestfjörðum og á landsvísu auk þess að vinna að kynningu á Vestfjörðum sem ferðamannastað.

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða er heildstæð áætlun um þróun ferðapjónustu á Vestfjörðum, þar sem horft er til samspils náttúru, samfélags, atvinnulífs og innviða. Í áætluninni er dregin saman staða ferðapjónustu á svæðinu, sett fram framtíðarsýn og skilgreind markmið og áherslur til næstu ára.

Áfangastaðaáætlunin styður við stefnumótun og uppbyggingu ferðapjónustu á Vestfjörðum, án lagalegrar bindandi skyldu. Hún byggir á víðtæku samráði við heimamenn, sveitarfélög, ferðapjónustuaðila og aðra hagaðila og endurspeglar sameiginlega sýn á sjálfbæra og ábyrga þróun áfangastaðarins.

Við vinnslu áætlunarinnar var unnið með fjölbreyttar upplýsingar og innsýn, meðal annars úr vinnustofum með hagaðilum af öllu svæðinu. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða er lifandi skjal sem er ætlað að vera leiðarljós fyrir þróun ferðapjónustu á svæðinu og uppfært reglulega í takt við breytingar, nýjar áskoranir og tækifæri.

Fyrsta áfangastaðaáætlun Vestfjarða var birt árið 2018 og hefur aðgerðaáætlun hennar verið uppfærð árlega síðan. Á árinu 2025 var farið í ítarlega vinnu við endurskoðun áætlunarinnar. Íbúafundir voru haldnir á þremur svæðum víðsvegar um Vestfirði ásamt samráði við stýrihóp. Vorið 2026 verður gefin út hin nýja endurskoðaða áfangastaðaáætlun á netinu.

Samstarf markaðsstofa landshlutanna (MAS)

Vestfjarðastofa er þátttakandi í verkefninu Markaðsstofur landshlutanna (MAS), sem miðar að því að samhæfa þróun áfangastaða, markaðs- og kynningarmál ferðapjónustu á landsvísu og stuðla að þekkingaryfirfærslu milli stofa. Markaðsstofurnar sjá um móttöku blaðamanna, samfélagsmiðla og útgáfu og beina markaðssetningu fyrir sinn landshluta ásamt stefnumótun og þróun ferðapjónustu á Íslandi.

Markaðsstofurnar halda vinnustofur þar sem unnið er að sameiginlegum verkefnum og þekkingaryfirfærslu. Vinnustofa ársins 2025 var haldin af Markaðsstofu Vestfjarða í Bjarnafirði í nóvember. Umræðuefnið var hagnýting gervigreindar, sýnileiki í gervigreindarlíkönum og rétt upplýsingagjöf.

Eitt af helstu samstarfsverkefnum er Mannamót, árleg ferðasýning sem haldin er um miðjan janúar. Mannamót eru ein stærsta ferðasýning á landinu og þar kynna fjölmörg Vestfirsk fyrirtæki starfsemi sína.



Samstarf innan svæðis – Sóknarhópur Vestfjarðastofu

Sóknarhópurinn hefur eflst jafnt og þétt og hefur orðið mjög jákvæð þróun og meiri tengsl. Aðilar Sóknarhóps skiptast í ferðaþjónustu- og menningarhluta og annað atvinnulíf. Vestfjarðastofa annast sameiginlega markaðssetningu landshlutans oft í samstarfi við aðila í Sóknarhópi. Í því felst meðal annars að annast umsjón með stafrænum miðlum, sækir ferðasýningar og kaupstefnur og skipuleggur blaðamannaferðir. Aðilum í Sóknarhópi er boðið á lokaða viðburði fyrir samstarfsaðila svo sem fundi ferðaþjónustuaðila, súpufundi, námskeið og vinnustofur. Stærstu verkefni ársins 2025 var hagsmunagæsla í tengslum við innviðagjöld og tollfrelsi á skemmti- og leiðangursskip.

Vestfjarðaleiðin

Þróun ferðaleiðarinnar Vestfjarðaleiðarinnar hélt áfram á árinu 2025. Áherslan ársins var á að draga úr árstíðasveiflu og verkefni Vetrarferðaþjónusta er stór liður í þeirri vegferð. Þá var haldin hóp blaðamannaferð í september þar sem áherslan var að sýna alla Vestfjarðaleiðina að hausti. Herferðinni var beint á Þýskaland sem er jafnframt stærsti markhópur landshlutans.

Vestfjarðaleiðinn fékk jafnframt sinn sess inn í vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða og því orðin mikilvægur hlekkur í heildarmynd ferðaþjónustu á Vestfjörðum.

Vetrarferðaþjónusta

Verkefni um Vetrarferðaþjónustu á Vestfjörðum var sett af stað á árinu. Fyrsti hluti verkefnisins er þróunarvinna þar sem lögð er áhersla á að búa til og móta vetrarvörur eða vetrarferðapakka með ferðaþjónum og ferðaskrifstofum til kynningar. Vinnufundir voru haldnir á þremur svæðum þar sem ferðaþjónar unnu að hugmyndum og kortlagðir voru þeir sem sýna verkefninu vilja voru skráðir. Vetur á Vestfjörðum var kynntur á Kuoni Tumlare vinnustofu í Osaka og Tokyo í Japan.

Skemmtiferðaskip

Breytingar á lagasetningu um innviðagjöld og tollfrelsi á skemmti- og leiðangursskip mörkuðu vinnu ársins. Áhrif gjaldanna var sá að við horfum fram á verulega fækkun skipakoma á Vestfjörðum. Skipakomur eru mikilvægur grunnur fyrir ferðapjónustu á Vestfjörðum. Mikill tími fór í hagsmunagæslu og samtöl við skipafélög, hagsmunasamtök og ráðafólk. Hagsmunagæslan skilaði árangri en breytingar voru gerðar á regluverkinu með töluverðri lækkun innviðagjalda og framlengingu á tollfrelsi.

Á árinu 2025 var endurnýjaður samningur milli Vestfjarðastofu og Ísafjarðarbæjar um að Vestfjarðastofa annist úthlutun styrkja úr nýjum sjóði hafna Ísafjarðarbæjar. Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta sinn vorið 2024 og var þá lögð áhersla á viðburðahald á meðan að skip væru í höfn. Aftur fór Vestfjarðastofa með umsjón með sjóðnum 2025 og var hann þá bæði stækkaður í 8 milljónir og úthlutunarreglur útvíkkaðar. Veittir voru styrkir í flokki viðburða, fegrunar og samfélags. Sjóðurinn hefur fengið virkilega góð viðbrögð meðal íbúa í Ísafjarðarbæ og hefur hann vakið athygli víða um land.

Einnig vann Vestfjarðastofa með Höfnum Ísafjarðarbæjar að samkeppni um útlistaverk á Ísafirði en sú samkeppni kemur til framkvæmda árið 2026.

Móttaka blaðamanna

Móttaka erlends fjölmiðlafólks sem vill kynna sér Vestfirði er reglulegur liður í starfsemi Markaðsstofunnar og hafa ferðapjónar á svæðinu átt sinn stóra þátt í því að ferðirnar hafa tekist vel.

Markaðsstofa Vestfjarða verður vör við aukinn áhuga erlendis frá, bæði frá fjölmiðlum og áhrifavöldum, sem vilja gjarnan sækja Vestfirði heim. Á árinu tók Markaðsstofan á móti erlendum fjölmiðlum í samvinnu við Íslandsstofu frá Þýskalandi og Bretlandi. Umfjöllun fjölmiðlanna spannaði fjölbreytt sjónarhorn og lagði áherslu á allt frá bókmenntum og sögu svæðisins til skemmtilegrar afþreyingar sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða. Efnið birtist á ýmsum miðlum, svo sem í útvarpi, sjónvarpi og blaðagreinum. Markaðsstofan veitti einnig stuðning við hóp kvikmyndagerðamanna sem fóru í hjólaferð um Vestfirði og unnu stutt-heimildarmynd um ferðalagið.



Í september fór Markaðsstofan í blaðamannaferð með hópi þýskra blaðamanna í samvinnu við Íslandsstofu. Ferðast var vítt og breitt um Vestfirði og þeim sýnt brot af því besta sem svæðið hefur upp á að bjóða. Af ferðinni hafa spröttið fjölmargar umfjallanir, þar á meðal tíu blaðsíðna grein í National Geographic.

Púkinn – barnameningarhátíð

Púkinn fékk sex milljón króna styrk úr Barnameningarsjóði Íslands til að halda hátíð vorið 2025. Hátíðin heppnaðist afar vel með það meginmarkmið að valdefla börn. Viðamesta verkefnið var í höndum Birgittu Birgisdóttur leikkonu, sem fór um allt á Vestfjörðum og hélt námskeið eða vinnusmiðjur í anda „Theatre of the Oppressed“, hugmyndafræði brasilíska leikhúsmannsins Augusto Boal. Þessar smiðjur slógu algjörlega í gegn, en auk þeirra var fjöldi annarra viðburða á hátíðinni, sem var haldin að loknu páskafríi. Á matsfundi var rætt um að betra væri að seinka hátíðinni og halda hana um mánaðamótin apríl/maí og er stefnt á það vorið 2026, en til þeirrar hátíðar fékkst líka styrkur úr Barnameningarsjóði, nú að upphæð 5,5 mkr.



Samstarf menningarfulltrúa

Samstarf menningarfulltrúa landshlutanna er jafnan þétt og auk fjarfunda hittast menningarfulltrúar á staðfundum tvisvar á ári. Á fyrri fundinum, í byrjun júní, var Austurland heimsótt og menningarlífið skoðað vítt og breitt um landshlutann. Á seinni fundinum, sem haldinn var í Reykjavík um haustið, hittu menningarfulltrúar ráðherra og fóru yfir helstu verkefni, einkum þau sem landshlutarnir eru að vinna að sameiginlega. Þetta var einstaklega góður og gefandi fundur og óskaði ráðherra eftir nánara samstarfi við hópinn. Einnig voru heimsótt ýmis samtök og stofnanir á sviði menningar og lista, og einkum rætt um hvernig efla mætti menningarlíf á landsbyggðinni og nauðsyn þess að hugsa landið í heild í þessum málaflokki. Samtal menningarfulltrúa er gott og gefandi. Það er afar mikilvægt að halda því lifandi, það skilar betri vinnubrögðum og auknu samstarfi.